

Borgarráð Reykjavíkur  
S. Björn Blöndal formaður borgarráðs  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík 11. júlí 2017

### **Stjórnsýsluúttekt vegna vinnulags, aðgerða og upplýsingagjafar í tengslum við bilun skolphreinsistöðvar Faxaskjólí**

Undirritaður fer fram á að stjórnsýsluúttekt verði framkvæmd vegna bilunar skolphreinsistöðvar við Faxaskjól sem varð öllum heyrinkunnugt fyrir stuttu síðan. Eins og rakið hefur verið í fjölmiðlum hefur búnaður stöðvarinnar verið bilaður síðan um miðjan júní án þess að borgarfulltrúum eða öðrum í borgarkerfinu virðist hafa verið kunnugt um það.


Lög um upplýsingarétt um umhverfismál frá 2006 með síðari breytingum sem sett voru í samræmi við EES samninginn virðast ekki hafa verið til hliðsjónar þegar bilunin kom upp.

Stjórnsýsluúttekt mun leiða í ljós hvernig á því stendur að löggin voru ekki nýtt sem og hvernig á því stendur að borgarfulltrúar og meira að segja borgarstjóri sýnast koma af fjöllum þegar málið er upplýst í fjölmiðlum.

Það sem er mikilvægast er að þetta mál nýtist til að gera betur þegar slíkt mál eða sambærilegt kemur upp. Verkferlar þarfnast auðsjáanlega endurskoðunar og hlýtur stjórnsýsluúttekt að leggja línur um hvers konar endurskoðunar er þörf.

Bréf þetta er sent vegna þess að borgarstjórn er í sumarleyfi og borgarráð kemur ekki vikulega saman í júlí vegna sumarleyfa. Eðlilegt verður að teljast að bréfið verði lagt fyrir borgarráð þegar næsti fundur þess verður haldinn.

Virðingarfyllt



Halldór Halldórsson

borgarfulltrúi